

### **115. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 11.nóvember 2010 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Þorleifur Eiríksson. Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður forfallaðist.

*Fundarritari:* Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

#### **Kynnisferð á eldfjallasafnið í Stykkishólmi.**

Breiðafjarðarnefnd fór í kynnisferð á eldfjallasafnið. Sigurður R. Bjarnason tók á mótí hópnum og fór yfir það helsta sem þar er að sjá.

#### **Fundargerð 114. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

#### **Skýrsla frá Eyjapingi Framfarafélags Flateyjar**

Lögð var fram til kynningar skýrsla frá Eyjapingi sem Framfarafélagið stóð að þann 22. ágúst sl. í Flatey.

#### **Heimsminjaskrá UNESCO**

Umhverfisráðuneytið óskar eftir að Breiðafjarðarnefnd kynni sér drög að umsókn um að Breiðafjörður komist á lista heimsminjaskrár UNESCO. Óskað er eftir ábendingum frá nefndinni sem geta nýst við að skilgreina og greina fyrir OUV (Outstanding universal value) Breiðafjarðar og rökstuðning að staðurinn eigi heima á heimsminjaskrá UNESCO.

#### **Afgreiðsla:**

Bréfið var lagt fram til kynningar. Nefndarmenn fóru yfir meðfylgjandi gögn. Erindið verður lagt fyrir á næsta fundi.

#### **Fjármál nefndarinnar**

Farið var yfir fjárhagsstöðuna og lögð var fram fjárhagsáætlun Breiðafjarðarnefndar fram til áramóta 2010.

#### **Verndaráætlun**

Nefndarmenn ræddu hvernig best væri komið með áframhaldandi vinnu við verkefnið. Kolbrún ætlar að undirbúa ásamt Guðríði vinnuskjal verndaráætlunar til áframhaldandi útfærslu.

## Önnur mál

### Ársskýrsla SNS

Þorleifur lagði fram til kynningar ársskýrslu Samtaka náttúrustofa.

### Skráning örnefna og minja í Dalabyggð

Þorleifur sagði frá vinnu við skráningar á örnefnum og minjum í Dalabyggð. Vinnuskýrslu er að vænta fyrir næsta fund.

### Aldarafmæli örnefnasöfnunar á Íslandi

Í tilefni af aldarafmæli örnefnasöfnunar á Íslandi hélt Stofnun Árna Magnússonar málþing um örnefni 30. október sl. Hægt er að nálgast erindi sem flutt voru á málþinginu á heimasíðu stofnunarinnar, [www.arnastofnun.is](http://www.arnastofnun.is).

**Fundi var slitið kl. 14:35. Næsti fundur verður haldinn 9. desember.**